

Ástand fangelsismála óásættanlegt

Fangelsismál á Íslandi eru í langvinnri kerfislægri krísu, dómar fynast á sama tíma og boðunarlistar lengjast. Ástand fullnustukerfisins einkennist af langvarandi vanfjármögnun, ófullnægjandi innviðum og aukinni öryggisáhættu gagnvart bæði füngum og starfsfólki. Þrátt fyrir viðvaranir frá bæði eftirlitsaðilum og stofnuninni sjálfri í áratugi hefur nauðsynleg uppbygging setið á hakanum, og nú hefur verið tilkynnt að gert sé ráð fyrir að stofnfjárframlag til byggingar á nýju öryggisfangelsi að Stóra-Hrauni á Suðurlandi lækki tímabundið um 400 milljónir króna árið 2025. Ástæðan er sögð endurskoðun á framkvæmdaáætlun.

Fangelsið að Litla-Hrauni hefur ítrekað hlotið gagnrýni fyrir óviðunandi húsnaðisaðstöðu sem hvorki uppfyllir öryggiskröfur né skilyrði um mannúðlega vistun. Ríkisendurskoðun og Umboðsmaður Alþingis hafa jafnframt bent á að aðbúnaður fanga og starfsfólks sé heilsuspillandi, faglega óviðunandi og hamli framkvæmd laga um fullnustu refsinga.

Fangelsið á Hólmsheiði var reist sem móttökufangelsi með aðstöðu fyrir gæsluvarðhaldsfanga. Þar átti áherslan að vera á skammtí mavistun og mat á vistunarpörf áður en fangar yrðu fluttir áfram. Vegna skorts á úrræðum og aðstöðu annars staðar í kerfinu hefur Hólmsheiði hins vegar í auknum mæli verið notuð sem langtí mavistunarræði. Þessi þróun skerðir getu fangelsisins til að sinna sínu upprunalega hlutverki, eykur álag á starfsfólk og dregur úr sveigjanleika fangelsiskerfisins í heild.

Starfsfólk fangelsa hefur undanfarin misseri þurft að takast á við sífellt flóknari skjólstæðingahóp og fjölgun þungra ofbeldismála. Ofbeldi gegn fangavörðum hefur aukist og nýlega þurftu fangaverðir aðstoð sérsveitar vegna ástands sem skapaðist í fangelsinu Litla-Hrauni. Öryggisrými eru fullnýtt og ekki unnt að aðskilja fanga með ólíkar meðferðar- og öryggisþarfir, sem eykur hættu á átökum og ófyrirséðum atvikum.

Uppbygging nýs öryggisfangelsis á Stóra-Hrauni er bæði tímabær og brýn. Ríkið á þegar landið og skipulagsmálum er lokið. Samfélagið í nágrenni hefur aðlagð sig að fangelsisrekstri og starfsfólk með þekkingu og reynslu er til staðar. Ný og nútímaleg aðstaða myndi skapa skilyrði fyrir stigskipta vistun, sérhæfingu, aukið öryggi og faglegri þjónustu.

Skortur er á viðeigandi heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu innan fangelsiskerfisins og meðferðar- og endurhæfingarúrræði eru takmörkuð. Skert aðgengi að menntun og úrræðum dregur jafnframt úr líkum á árangursríkri betrun og samfélagslegri endurkomu fanga.

Brýnt er að auka menntun og endurmenntun fangavarða svo þeir geti sinnt margþættu og oft flóknu starfi með fagmennsku, öryggi og umhyggju að leiðarljósi. Slíkt er lykilforsenda þess að fangelsiskerfið gegni hlutverki sínu.

Málaflokkurinn hefur um árabíl búið við skertar fjárheimildir, húsakostur er úreltur og úrræði af skornum skammti, allt með þeim afleiðingum að öryggi starfsfólks og fanga er stefnt í hættu og virkni kerfisins skert til muna.

Við skorum á stjórnvöld að tryggja markvissa og nægilega fjármögnun og móta skýra framtíðarsýn um faglegt, öruggt og mannúðlegt fullnustukerfi. Það er forsenda þess að íslenskt réttarríki standist alþjóðleg viðmið og samfélagslegar skyldur.

Fangavarðarfélag Íslands, Heiðar Smith, formaður

Afstaða, til ábyrgðar, Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

Forstöðumaður Litla-Hrauns, Kristín Eva Sveinsdóttir

Forstöðumaður Hólmsheiðar, Halldór Valur Pálsson,

Öryggisstjóri Fangelsismálastofnunar, Rannveig Brynja Sverrisdóttir